



13. fundur Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins þriðjudaginn 21. nóvember 2017 kl. 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Vikar Már Vífilsson, Guðmundur Björnsson, Sólrún Arney Siggeirsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Fundargerð

1. Aðgerðaráætlun vegna smávirkjana, frá Markaðsstofu Norðurlands

Tölvupóstur frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, dagsett 23. október síðast liðinn, lagður fram. Skv. Sóknaráætlun Norðurlands eystra er atvinnuþróunarfélögunum falin ábyrgð á því verkefni að skoða möguleika á sjálfbærni í raforpumálum með smávirkjunum. Skv. aðgerðaáætluninni á að liggja fyrir greining á möguleikum smávirkjana í landshlutanum.

Bókun um samþykkt:

Atvinnu- og ferðamálamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja verkefnið að sínu leyti.

Samþykkt samhljóða.

2. Rekstrarleyfi fyrir Þórshamar, sem gistiheimili

Lögð fram til umsagnar beiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dagsett 16. október 2017, vegna umsóknar Lyngholts ehf. um heimild að reka gististað án veitinga flokkur II, að Fjarðarvegi 12, Þórshamri. Um er að ræða endurnýjun umsóknar.

Bókun um samþykkt:

Samþykkt að mæla með framlagðri umsókn svo fremi að hún uppfylli öll skilyrði að öðru leyti.

Samþykkt samhljóða.

3. Markaðsstofa Norðurlands, samantekt um starf Flugklasans Air 66N 2017

Samantekt um starf flugklasans Air 66N, tímabilið 10. mars til 19. október 2017, lögð fram til kynningar.

4. *Artic-Coast Way* verkefnið

Lagður fram bæklingur á ensku vegna verkefnisins *Welcome to the 2nd Update Report on the Artic Coast Way*, - *Norðurlandaleið*, frá því í október. Gréta Bergrún frá Þekkingarneti Þingeyinga mætti á fundinn og gerði grein fyrir verkefninu.



Langanesbyggð er orðinn upphafs- eða endapunktur, eftir að Vopnafjarðarhreppur dró sig út úr verkefninu. Hún kynnti einnig tvær aðrar áætlanir sem tengjast þessu verkefni. Eins greindi hún frá öðrum verkefnum sem hún er að vinna að sem verkefnistjóri í ferðamálum.

Bókun um samþykkt: Nefndin lýsir ánægju sinni með framgang verkefnisins og telur í því felist fjölmörg tækifæri fyrir Langanesbyggð.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og fundi slitið kl. 17:30.